

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

haldinn á þingflokkskrifstofu Vinstri grænna föstudaginn 6. mars kl. 16:00

Mætt: Katrín, Hildur, Sóley Björk, Elín, Svandís, Guðrún Ág, Bjarkey, Líf, Óli Þór, Hlynur og Björn Valur.

Jafnframt sátu fundinn Hulda frá UVG, Þóra Elfa frá EVG ásamt Daníel og Lís frá skrifstofunni.

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Dagskráin framundan
 - a. Pólitísk samarhátíð á vegum Norræna félagsins - Stjórnmalahátíð í Vatnsmýrinni „Dagur umræðu og lýðræðis“ 11. – 13. júní 2015.
Umræður um mögulega útfærslu á þátttöku frá hverri og einni einingu innan flokksins.
Hlynur tekur að sér að leiða undirbúning tengdan myndlist
Samþykkt að biðja EVG og UVG um að skoða mögulega söngdagskrá
Frekari umræðu frestað til næsta fundar stjórnar.
 - b. Sumarferð VG tillaga um 22. – 23. eða 29. – 30. ágúst 2015.
Tillaga um rútufarferð og göngu að Dynk
Ákvörðun frestað til næsta fundar stjórnar.
 - c. Flokksráðsfundur fyrir landsfund rætt um mögulegar dagsetningar. Ákvörðun frestað til næsta fundar stjórnar.
3. Húsnæðismál
Umræður um mögulegar leiðir í húsnæðismálum og yfirferð yfir þá vinnu sem farið hefur fram frá síðasta fundi stjórnar.
4. Stofnanir hreyfingarinnar
Lögð fram fyrstu drög að skilgreiningu, skýringum á hlutverki og stöðu ólíkra stofnana flokksins ásamt myndrænni framsetningu á virkni og samspil á milli stofnana flokksins.
Daníel og Lísu falið að útfæra tillögur fyrir næsta stjórnarfund.
5. Fjármál
Lagt fram yfirlit yfir sjóðsstreymi fyrir fyrstu tvo mánuði ársins.
Samþykkt að fela Hildi, Katrínu og Sóleyju að vinna að útfærslu á átaki við styrkbeiðni til valinna fyrirtækja.
6. Staða stjórnmalanna
Katrín fór yfir stöðu stjórnmalanna í stuttu máli. Umræður.
7. Önnur mál
 - a. Lagður fram tölvupóstur frá Birni Leví Gunnarssyni þar sem óskað er eftir fundi við stjórnmalaflokka til að fjalla um meðhöndlun kjörgagna. Farið yfir þá vinnu sem þegar er í gangi. Daníeli falið að óska frekari skýringa.
 - b. Sóley Björk óskaði eftir umræðu um mögulega uppsetningu á facebook-grúppu um þingmál og önnur málefni sem varða sveitarstjórnarstigið. Daníel falið að hrinda því í framkvæmd.
 - c. Hildur sagði frá boði fulltrúa Búnaðarþingsins í mat/snittur til VG sem sló rækilega í gegn. Átti að skila þökkum fyrir boðið.
 - d. Svandís fór yfir drög að umsögn VG um frumvarp til laga um sannleiksskyldu ráðherra. Umræður um drögin. Umsögnin verður send stjórninni til skoðunar í tölvupósti.
 - e. Lís minnti á alþjóðlegan baráttudag kvenna sunnudaginn 8. mars.

Fundi slitið kl. 18:23 . Næsti fundur áætlaður 10. apríl 2015.